

ALPJÓÐLEGUR IBD DAGUR

19. MAÍ

Það voru um 40 lönd í fjórum heimsálfum sem héldu upp á alþjóðlega IBD daginn. CCU tók þátt með því að klæða stytur í boli eða setja á þær slaufur. Hvöttum við fólk til að taka sjálfu með styttnum eða bara af styttnum og setja á netið.

Stytturarnar voru í fjórum bæjarfélögum, Reykjavík, Hafnarfirði, Akureyri og Ísafirði. Þetta tókst bara vel og við fengum mikla deilingu á plakati af flestum styttnum sem birtist á fésbókar-síðu CCU.

Umfjallanir um viðburðinn birtust á heimasíðu Akureyrarbæjar og í bæjarblaðinu á Ísafirði. Í Morgunblaðinu birtist grein eftir Þuríði Rúrí Valgeirsdóttur (hægt að lesa á heimasíðunni) sem bar heitið:

“Í dag klæðumst við fjólubláu”

FRÁ UNGLIÐAHÓPNUM

FERÐ Í BOGFIMI



Seinasti fundur hjá ungliðahópnum var haldinn í Keiluhöllinni í Egilshöll. Byrjað var á að fá sér sjeik á shake&pizza staðnum í Egilshöll á meðan beðið var eftir að keilubrautin yrði tilbúin. Að vanda var fámennt en góðmennt en

á þennan fund mættu fjórar stúlkur. Þær skemmtu sér konunglega og var lítið um keppnisskapið þennan leikinn. Mikið var um spjall um daginn og veginn og grínast og hlegið þess á milli.

Búið er að ákveða næsta hitting ungliðahópsins og verður hann haldinn miðvikudaginn 25. maí kl. 20 og verður þá gert eitthvað sem hópurinn hefur ekki áður gert, en það er að skella sér í bogfimi í Bogfimisetrinu. Sá hittingur verður sá síðasti fyrir sumarfrí og vonumst við því til að sjá sem flesta þar. Hægt verður að nálgast nánari upplýsingar ásamt því að skrá sig á fundinn í gegnum fésbókar-síðu ungliðahópsins, Ungliðahópur CCU. Við viljum minna á að þátttakendur þurfa ekki að greiða fyrir þátttöku í ungliðafundunum og er því bogfimin frí fyrir alla sem mæta.



MOLAR

FRÁ GJALDKERA

Góðar heimtur eru á félagsgjöldum og viljum við þakka félagsmönnum fyrir stuðninginn með því að borga félagsgjöldin.



REYKJAVÍKURMARAFON

CCU er komið á áheitalistann fyrir næsta Reykjavíkurmaraþon sem fer fram þann 20. ágúst í sumar. Sem stendur er einn búinn að skrá sig á hlaupalistann hjá okkur. Eins og í fyrra fá þeir sem hlaupa, skokka eða ganga, fjólubláa boli merktá CCU.

SLÓVENÍA - EYM

Það voru fimm ungliðar sem sóttu um að fara til Slóveníu fyrir hönd ungliðahópsins okkar og þær stöllur Rakel Ýr Aðalsteinsdóttir og Guðlaug Jóna Karlsdóttir voru dregnar úr pottinum. :-)

GRUNNUPPSKRIFT

GRÆNN ÞEYTINGUR

1 agúrka
1 avocado
1-2 bollar spínat
1 lime (afhýtt)
10 mintulauf
1-2 msk hörfræolía
Smá sjávar- eða himalyja salt
1/3 bolli vatn eða klakar

Allt sett í blandarann og maukað.

Njótið strax sem morgunverðar eða hvenær sem er.

Tilbrigði:

Notið möndlumjólk í stað vatns. Bætið við stevíu fyrir sætleikann. Notið Turmerik og meira salt fyrir sterkara bragð og jafnvel hvítlauk. Bætið við appelsínu eða lime berki.

SPAKMÆLI MÁNAÐARINS

Námið býr alltaf yfir ferskleika æskunnar, jafnvel fyrir gamalt fólk.

Aeschylus (grískt ljóðskáld)

CCU SAMTÖKIN | PÓSTHÓLF 5388 | 125 REYKJAVÍK | TALHÓLF 871 3288 | CCU@CCU.IS / WWW.CCU.IS

Formaður Edda Svavarsdóttir | Gjaldkeri Sigurborg Sturludóttir | Ritari Herdís Eva Hermundardóttir | Meðstjórnendur Anita Rübberdt og Rakel Ýr Aðalsteinsdóttir
Varamenn Hrefna Björk Jóhannsdóttir og Björn Hermannsson | Vefstjóri Herdís Eva Hermundardóttir